Fundargerð 19. stjórnarfundar SSÍ

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Magnús Tryggvason, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Árni Stefánsson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Afboðuðu, mæta ekki: Guðrún Pálsdóttir

Fundur 06.10 settur kl. 18

Fundarstaður: Húsakynni SSÍ. Fundarritari: Formaður
Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

1. **Mót og starfsemi**

a. Bikarkeppni SSÍ fór fram í Vatnaveröld í Reykjanesbæ laugardaginn 26. september 2026. Keppt var í tveimur deildum og mótið var keyrt í fjórum þéttum mótshlutum yfir daginn. Eitt lið forfallaðist kvöldi fyrir mót, þrátt fyrir það gekk mótið vel fyrir sig.

SH varð bikarmeistari í 1. deild bæði í karla- og kvennaflokki og Sundfélagið Óðinn varð bikarmeistari í 2. deild í báðum flokkum.

Að keppni lokinni var haldið veglegt lokahóf og uppskeruhátíð SSÍ þar sem Snæfríður Sól Jórunnardóttir var kjörin sundkona ársins og Snorri Dagur Snorrason sundmaður ársins.

Núverandi fyrirkomulag Bikarkeppninnar er m.a. afrakstur þjálfarafunda og vinnu stjórnar SSÍ við að blása nýju lífi í keppnina og gera hana í senn snarpa og skemmtilega. Það eru því mikil vonbrigði fyrir stjórn SSÍ að nokkur félög kusu að mæta ekki á uppskeruhátíðina að keppni lokinni og að mót var jafnframt haldið daginn eftir Bikarkeppnina.

Stjórn SSÍ óskar verðlaunahöfum til hamingju með árangurinn og færir ÍRB og sjálfboðaliðum bestu þakkir fyrir vel unnin störf við framkvæmd mótsins.

b. Stefnumótun SSÍ fór fram dagana 17. september og 2. október 2026 undir stjórn Bjarna Snæbjörns Jónssonar frá Hugsýn. Fyrri vinnufundurinn fór fram í kjölfar formannafundar SSÍ þann 17. september og fór megnið af fundinum í hugarflug vegna stefnumótunar. Rúmlega 40 manns tóku þátt fyrra kvöldið og 25 manns mættu þann 2. október.

Stjórn SSÍ er afar þakklát fyrir þessa góðu þátttöku hreyfingarinnar. Á næstu vikum verða niðurstöður vinnunnar kynntar og verkefni sett af stað.

Fyrir formannafundinn varð alvarlegt atvik milli tveggja aðila úr hreyfingunni sem varð að lögreglumáli. Báðir aðilar hafa fengið þá aðhlynningu sem þeir þurftu og málið er í höndum fagaðila. Fundargerð formannafundar er að finna í fundargögnum.

c. Að gefnu tilefni samþykkti stjórn SSÍ breytingu á grein 2.6 í reglugerð um sundmót. Greinin verður svohljóðandi og viðbótin er feitletruð:

2.6 Félögum er óheimilt að stofna til annarrar keppni í sundíþróttum á vegum sambandsaðila þá daga sem ofangreind mót fara fram **að viðbættum tveimur dögum fyrir og tveimur dögum eftir.**

Formaður setur breytinguna inn í lög og reglugerðir

d. Stjórn ræddi auknar kröfur EA og WA um menntun þjálfara vegna þátttöku á stórmótum. Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra að undirbúa tillögu um að Þjálfaranámskeið 1 hjá SSÍ verði gert að skilyrði í reglugerð sambandsins og tekið inn í lög SSÍ á næsta sundþingi.Það sama má segja um Learn to Swim námskeiðið. Framkvæmdarstjóri og Ragnar Guðmundsson munu koma þessu texta í almennum ákvæðum og kynna á næsta fundi.
e. Farið var yfir skýrslu um innleiðingu Para (íþróttir fatlaðra) í sundíþróttina sem unnin var af ritara. Samþykkt að ræða málið við ÍF og setja þetta formlega í ferli. Framkvæmdastjóri bókar fund með ÍF vegna málsins.
f. Formaður og framkvæmdastjóri hafa fundað með forsvarsfólki sundfélaganna í Reykjavík til að ræða hugmyndir að frekari samvinnu og samstarfi milli félaganna og einnig var rætt atvik sem átti sér stað fyrir formannafund.
g. Framkvæmdastjóri hefur sent út bréf með efninu umgjörð sundíþróttarinnar í Reykjavík til Íþróttaráðs borgarinnar, MÍR, Íþróttaborgarinnar og Laugardalslaugar þar sem óskað er eftir skýringum á þeim reglum sem gilda um úthlutun sundlaugatíma hjá borginni, uppbyggingu afreksstarfs og framtíðarsýn sundíþróttarinnar í Reykjavík.
h. Klaus Jurgen Ohk framkvæmdastjóri og yfirþjálfari SH mun ljúka störfum hjá félaginu í lok október eftir áratuga starf og frábæran árangur í starfi. SH hyggst vera með uppskeruhátíð laugardaginn 17. okt og mun halda í leiðinni kveðjupartý fyrir Klaus. Lagt var til og samþykkt til að Klaus verði gerður að Heiðursfélaga SSÍ. Framkvæmdastjóri lætur útbúa heiðursplatta líkt og gert var á síðasta sundþingi. Formaður mun afhenda Klaus viðurkenninguna.
i. Vegna mikillar velgengni Lottó undanfarið ár var greiddur út aukaarður frá Íslenskri getspá. Dreifing fjárins fór eftir sérstökum úthlutunarreglum ÍSÍ. SSÍ fékk um 3 milljónir króna í sinn hlut af þessum greiðslum.
j. Farið var yfir gögn frá afrekssjóði vegna fyrirhugaðrar úthlutunar fyrir næsta ár en það lítur út fyrir að hægt verði að úthluta til tveggja ára í fyrsta skipti sem mundi skapa meiri fyrirsjáanleika í starfi okkar.
k. Farið var yfir tillögu frá ritara um að samræma siðareglur SSÍ í takt við siðareglur EA og WA. Farið verður yfir þessar breytingar og málið sett á dagskrá sundþings á næsta ári. Klára þarf samræmingu á breytingunni og gera gögn tilbúin fyrir sundþing 2027.
l. Ritari fór yfir hugmyndir að stofnun Sundknattleiksnefndar og fór yfir fundargerð af fundum sem hann hefur átt með aðilum frá Sunddeild Ármanns. Samþykkt að stofna nefndina og ritari verður fulltrúi stjórnar í nefndinni. Ritari tekur málið áfram
m. Mótastjóri gerði grein fyrir fundi með forsvarsfólki Laugardalslaugar um væntanlegar framkvæmdir við að rífa stúku við Laugardalslaug og röskun á starfsemi á meðan því stendur. Þessar framkvæmdir gætu haft áhrif á RIG og ÍM50. SSÍ mun gera plan B varðandi ÍM 50 og ákvörðun þarf að liggja fyrir eigi síðar en 1. des. Framkvæmdastjóri og mótastjóri taka málið áfram.
n. SSÍ barst í dag bréf frá ÍBR þess efnis að vegna niðurskurðar mun RIG sem concept ekki fara fram á næsta ári. Við munum halda okkar striki og halda alþjóðlegt sundmót á þessum tíma undir nafni RIG.

o. Til stendur að halda Learn to Swim námskeið hér á landi í byrjun næsta árs í samvinnu við EA. Framkvæmdastjóri, Ragnar Guðmundsson og formaður munu eiga símafund með EA í næstu viku vegna málsins.

2. Formaður og ritari fóru yfir fundargerðir frá árlegri ráðstefnu EA sem haldin var í Baku í Azerbaijan um liðna helgi. Einnig var farið yfir fundargerð af fundi norræna samstarfsins sem haldin var á meðan ráðstefnu stóð og farið yfir punkta frá ráðstefnu um fjölbreytni, jöfnu og inngildinu sem haldin var sömu helgi. Framkvæmdastjóra falið að vera í sambandi við EA um hvað við þurfum að gera til að fá DEI viðurkenningu en við erum líklega komin lengra í þeim efnum en margur.

3. Afreksmál

a. Styrktarmælingar og æfingadagur landsliða: Mælingar gengu vel og er Ragnar búinn að funda með þjálfurum um niðurstöður þeirra og vonandi munu þjálfarar nýta sér það sem kom út úr mælingum varðandi þjálfun sinna sundmanna. Þá hafa þeir Milos og Þráinn frá HÍ beðið um fund með þjálfurum til að fara yfir styrktarmælingarnar. Þeir hefðu viljað sjá meiri mun á sundfólkinu frá því úr fyrri mælingum.

b. **Val fyrir HM25** fer fram eftir Cube mótið 24- 25.okt en lágmarkakerfið var sett upp í þremur hlutum:

1. ***Þrep 1 –*** *Evrópumeistaramótið í 25m laug 2.–7. desember 2025 (WA A-lágmark)*
2. ***Þrep 2 –*** *Sterk alþjóðleg mót í 50 metra laug (WA A-lágmark +2,5%)*
   - *AP Race London International, 23.–25. maí 2026*
   - *Mare Nostrum mótaröðin, 23.–31. maí 2026*
   - *Evrópumeistaramót unglinga, 7.–12. júlí 2026*
   - *Evrópumeistaramótið í 50 metra laug, 10.–16. ágúst 2026*
3. Þrep 3 – Cube-mót SH í 25m laug, 24.–25. október 2026 (WA A-lágmark +1%)

Eftir þrep tvö er staðan sú að Snæfríður Sól, Snorri Dagur og Einar Margeir hafa náð inn á HM25. Aftur á móti þá gefa Snæfríður Sól og Einar Margeir ekki kost á sér á HM25 í ár. Þrep þrjú stendur enn og tekin hefur verið ákvörðun að ef enginn nær þrepi þrjú þá mun sá sem syndir lengst undir WA- B lágmarki vera valinn til að taka þátt í HM25.
Stjórn felur yfirmanni Landsliðsmála að ljúka vali á keppendum á HM25.

c. Val á NM 2026 fer fram að loknu ÍM25, 15. nóvember.

NM fer fram í Vilnius í Litháen 4. – 7 desember, lagt verður af stað 2. des og heimflug 7.des í gegnum Helsinki. Gert er ráð fyrir að velja 20 sundmenn í verkefnið.

d. Tenerife:

Æfingabúðir á Tenerife fyrir landsliðshópa SSÍ fer fram á Tenerife dagana 28/1- 7/2. Gist verður á nýjum gististað sem er á vegum Top training. Undirbúningur fyrir æfingarbúðirnar eru hafnar hvað varðar fylgdarfólk og fleira. Nánari upplýsingar um kostnað og fleira kemur eftir ÍM25.

4. Fundargerðir innan SSÍ
    - Farið var yfir fundargerð formannafundar frá 17. september 2026 er í fundargögnum.
    - Farið var yfir fundargerð dómaranefndar #146 og #147
    - Farið yfir dómaranámskeið á næstunni
    - Farið yfir fundargerð DEI ráðstefnu í Baku 9. okt
    - Farið yfir fundargerð NSF fundar í Baku 9. okt
    - Farið yfir fundargerð ráðstefnu EA í Baku Azerbaijan 10. okt

5. **Aðsend bréf**

	Dags	**Varðar**	**Sendandi**
6.	09.09.2026	Aukaúthlutun Lottó	WÞÞ/ÍSÍ
7.	18.09.2026	Greiðsla vegna kostnaðarþátttöku	KSR/ÍSÍ
8.	01.10.2026	Boð í samtal frá forseta Ísland	HT/FE
9.	02.10.2026	Innleiðing Para í sundíþróttina	EA/
10.	7.10.2026	Umsögn við fjárlagafrumvarp	VÞÞ/ÍSÍ

11. **Félagaskipti**

Nafn:	**Fyrra félag:**	**Nýtt félag:**	**dags. mótt.**	**Tekur gildi**
Þórey Ísafold Magnúsdóttir	Ármann	Selfoss	25. sept	25. okt

Samþykkt

12. **Staðfesting meta / afreka**

Engin met lágu fyrir fundinum.

13. **Önnur mál**

Lagt til að SSÍ sæki um aðgang að Abler til að halda utanum verkefni á vegum sambandsins til að koma öllum skilaboðum í kringum hvert verkefni á viðkomandi aðila. Samþykkt. Framkvæmdastjóri tekur málið áfram á skrifstofu SSÍ.

Ritari koma með tillögu að breyttu lógói fyrir SSÍ á Íslensku og ensku í takt við samþykktir á síðasta þingi þar sem að talað eru um Sundíþróttasamband Íslands og

Icelandic Aquatics á ensku. Tillagan var samþykkt og ritari sendir tillöguna á skrifstofu sem lætur hreinteikna hana samkvæmt stöðlum.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.15